

Nd.

312. Breytingartillögur

við frumvarp til yfirsetukvennalaga.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Engin má verða yfirsetukona hjer á landi, sú er eigi hefir num-

ið ljósmóðurfræði og staðist próf í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eður nokkurri þeirri erlendri stofnun, er landlæknir telur veita næga kunnáttu til þess starfa.

Nú verður svo fyrir mælt í lögum, að ljósmæður í Reykjavík skuli kenna yfirsetufræði, og skulu þá þær eiga forgöngurjett, sem hafa að loknu námi haft á hendi ljósmóðurstörf í hjerlendri eða erlendri barnsburðarstofnun eigi skemur en misseri.

2. Við 4. gr. 2.

Í stað orðanna: »5 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi« komi: tveim krónum fyrir hverja fulla tylft.